

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Reykjavík, 13. janúar 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lýsingar verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, 451. mál.

Vísað er til töluvpósts frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þann 17. desember sl. þar sem óskað var umsagnar Nasdaq Iceland hf. (Kauphöllin) um ofangreint frumvarp til laga.

Nasdaq Iceland (hér eftir Kauphöllin) fagnar frumvarpinu og telur það vera íslenskum fjármálamarkaði til hagsbóta. Ljóst er að ákvæði reglugerðar Evrópuþingins og ráðsins (ESB) nr. 2017/2219 um lýsingar sem birta skal við almenn útboð verðbréfa eða töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði sem frumvarpinu er ætlað að innleiða mun auðvelda fyrirtækjum að sækja sér fé á markað en jafnframt standa vörð um gæði upplýsingagjafar. Kauphöllin telur líklegt að almennum útboðum verðbréfa og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum markaði muni fjölga og umfang fjármögnunar í almennum útboðum aukast í kjölfar gildistöku laganna. Þá er ákvæði reglugerðinnar um sk. ESB-vaxtarlýsingu líkleg til að hafa jákvæði áhrif hér á landi. Meirihluti íslenskra félaga teljast vera lítil og meðalstór fyrirtæki í skilningi reglugerðarinnar og þau sem skráð eru eða ætla að skrá sig á vaxtarmarkað fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki gætu nýtt sér einfaldara ferli og kröfur sem gerðar eru vegna smárra útgáfa verðbréfa. Auk þess er fyrirkomulag vegna síðari útgáfu einfaldað fyrir fyrirtæki sem hafa verið skráð á skipulegan verðbréfamarkað eða vaxtarmarkað í 18 mánuði eða lengur. Til viðbótar verður ferlið skjótara og einfaldara en áður fyrir útgefendur sem gefa títt út verðbréf sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað eða MTF.

Kauphöllin fagnar því að undanþága 3. gr. frumvarpsins hafi, eftir umsögn Nasdaq sem skilað var í gegnum samráðsgátt stjórnvalda, verið hækkuð úr 5.000.000 í 8.000.000 evra í íslenskum krónum í samræmi við 3. gr. reglugerðar ESB nr. 2017/2219 . Líklegt verður að telja að hærri mörk muni auðvelda fyrirtækjum að sækja sér fjármagn á markaði.

Kauphöllin hefur ekki frekari athugasemdir við frumvarpið og er undirrituð fús til frekari umræðu og samstarfs um ofangreint mál.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Árnína S.K.'.

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir,
yfirlögfræðingur Nasdaq á Íslandi.